

Hönnun og arkitektúr

Vöruhönnun

Náttúruperla í upplausn

Hrunalaug

**Ritgerð til BA í Vöruhönnun
Kristín Guðmundsdóttir
Haust 2014**

Hönnun og arkitektúr

Vöruhönnun

Náttúruperla í upplausn

Hrunalaug

Ritgerð til BA í Vöruhönnun

Kristín Guðmundsdóttir

Kt. 220984-3119

Leiðbeinandi: Valgerður Tinna Gunnarsdóttir

Haust 2014

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BA-prófs í vöruhönnun

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar

Úrdráttur

Á undanförunum árum hefur ferðamannaiðnaðurinn á Íslandi blómstrað. Í raun má segja að vöxturinn í þessum geira hafi farið fram úr þoli hinna helstu ferðamannastaða sem margir hverjir eru farnir að láta á sjá sökum átrodningis og í mörgum tilfellum slæmrar umgengni. Þetta á bæði við um stóra, fjölfarna staði eins og Þingvelli en einnig um minni svæði sem fyrr á tíð voru að mestu heimsóttir af Íslendingum. Með aukningu erlendra ferðamanna hefur þetta mynstur tekið umtalsverðum breytingum. Í ritgerðinni ræði ég um stað sem er mér mjög hugleikinn, Hrunalaug í Hrunamannahreppi. Þessi fallega laug var fyrr á tíð fáfarinn áningarstaður íslenskra ferðamanna og einstaka erlends ferðamanns, en hefur á undanförunum áratugum orðið sívinsælli. Ásókn á smærri áfangastaði eins og Hrunalaug sem e.t.v. eru ekki í stakk búnir að taka við auknum fjölda gesta vekur upp ýmis álitamál. Í ritgerðinni ræði ég hvernig ástand svæðisins hefur hrörnað sökum álags, og hvernig ég sé fyrir mér að bæta megi úr. Ég ræði nokkrar mögulegar leiðir, meðal annars hvernig nýta mætti annarsvegar náttúrupassann sem mikið hefur verið í umræðunni undanfarið, en einnig hvernig nýta mætti friðlýsingu til verndar slíkra svæða. Áhersla þarf að vera á að staðir á borð við Hrunalaug séu aðgengilegir en jafnframt verndaðir svo þeir haldi gildi sínu um ókomna tíð.

Efnisyfirlit

<i>Úrdráttur</i>	4
<i>Efnisyfirlit</i>	5
<i>Inngangur og markmið</i>	6
<i>Saga laugarinnar</i>	7
<i>Hrunalaug sem ferðamannastaður</i>	7
<i>Umhverfis laugina.</i>	9
<i>Samskipti við landeigendur skipta höfuðmáli</i>	11
<i>Að ná tökum á vandamálinu</i>	11
<i>Möguleikar til að fjármagna og verja smáa ferðamannastaði</i>	13
<i>Náttúrupassi – hugmynd A</i>	13
<i>Náttúrupassi - hugmynd B</i>	14
<i>Friðlýsing</i>	15
<i>Verndun og aðgengi</i>	18
<i>Lokaorð</i>	21
<i>Heimildaskrá:</i>	22

Inngangur og markmið

...meðal hvörra Hrunalaug er hin merkasta ¹

Í Hrunamannahreppi má finna litla laug sem fyllt er af volgri uppsprettu. Þessi laug á sér langa sögu, og hefur nýst í aldanna rás bæði til þvotta og sem baðlaug fyrir fé og menn. Í seinni tíð hefur notkunin færst frá nytjamiðaðri notkun yfir í tómstundanotkun, og á undanförunum árum með vaxandi ferðamennsku hefur svæðið farið að láta á sjá sökum átroðnings. Hvað varð til þess að mig langaði til að skrifa um þessa náttúruperlu og hvaða tengingu hefur hún til vöruhönnunar? Vöruhönnun byggist að miklu leyti á rannsóknarvinnu og að finna lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði stórum sem smáum. Vöruhönnunarferlið hefst með greiningu á ákveðnu viðfangsefni, síðan fer af stað rannsóknarferli, það er að segja, hugmyndasöfnun og sífelld endurskoðun á viðfangsefninu og hvernig vinna má úr upplýsingunum svo að útkoman geti þjónað tilgangi, hvort sem það er ákveðin vara eða jafnvel bætt ímynd.

Ég hef áhuga á landnýtingu og hvernig hægt er að gera áhugaverð svæði aðgengileg fólki. Það fyrsta sem ég hugsaði var hvernig hægt væri að nýta landsvæði betur og hvaða staði ég ætti að kynna mér til að rannsaka nánar sem ritgerðarefni. Á þessu ári hefur aðsókn ferðamanna í Hrunalaug aukist til mikilla muna, lætur nærri að þangað komi á annaðhundrað manns á hverjum degi yfir háannatímamann. Hvernig tengist Hrunalaug vöruhönnun? Vöruhönnun er ekki einungis það að hanna hluti, heldur hreinlega að gera heiminn betri með áhugaverðum lausnum á vandamálum, og þetta hefur mjög sterka skírskotun í umræðuna undanfarin ár þar sem ágangur á ferðamannastöðum er í almæli. Mig langaði að finna lausn sem væri til bóta hvort sem það tengist umhverfinu, samfélaginu eða hvernig byggja mætti upp samskipti við viðskiptavinum eða ferðalanga sem kæmu á svæðið.

Ég þurfti ekki að leita langt yfir skammt þar sem ég þekkti til sögu Hrunalaugar. Ég er fædd og uppalin á bænum Skyggni sem er spölkorn frá Hrunalaug. Hrunalaug var í raun baðlaugin okkar þar sem ekki var komin hitaveita á bæinn þegar ég var barn. Þessvegna hefur hún mikla þýðingu fyrir mig. Náttúrulega eins og Hrunalaug má finna víða um landið og þær eru mikilvægur menningararfur þjóðarinnar. Hér get ég hjálpað til við að leita lausna sem ég tel vera eitt af lykilatriðunum í náminu mínu.

¹ Hálfðan Jónsson, „Árnessýsla: sýslu og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags, 1843-1939“ Sögufélag, Reykjavík, Svavar Sigmundsson, 1979, bls. 123.

Saga laugarinnar

Heit uppspretta hefur verið til staðar við kirkjustaðinn Hruna í aldaradír. Fyrstu þvottalaugarnar sem nýttar voru fyrir á öldum eru nú sokknar í dý, einungis sést til lágrar hleðslu núorðið. Uppsprettuvatn sem rennur eftir heitri klöpp á þessum stað var mjög dýrmætt til að nýta við þvotta. Eiríkur Jónsson, langalangafi minn (f. 8. júlí 1836 – d. 23. maí 1898) bóndi frá Sólheimum í



Mynd 1. Búið er að hlaða stíflu úr gömlum hleðslum, einhverjum til skemmtunar

Hrunamannahreppi hlóð laug við uppsprettuna og fékk hún nafnið Hrunalaug. Til viðbótar við þvott á fatnaði nýtti langaafi minn Steindór Eiríksson (f. 24.júní.1884 - d. 5.sept.1967) bóndi á Ási í Hrunamannahreppi þessa auðlind í tengslum við fjárbúskap. Fjárkláði var mikið vandamál á þessum tíma og engin lyf til staðar til meðhöndlunar, í staðinn voru ærnar baðaðar. Til viðbótar við gömlu hlöðnu laugina steypiti Steindór kofa og ker fyrir neðan gömlu þvottalaugina sem ætlað var fyrir sauðféð. Vatnið streymir frá gömlu lauginni inn í gegnum vegg kofans ofan í steypu laugina. Í þessari laug voru ærnar baðaðar allt til ársins 1984 en nú eru gefin lyf við kláðanum svo fjárböð eru ekki eins mikilvæg og þau voru. Jarðvarminn í lauginni sparaði mönnum mikinn tíma vegna þess að ekki þurfti að hita upp mikið magn af vatni eða nota kalt vatn þegar ærnar voru þvegnaðar á þessum tímum. Um miðbik 20 aldar var landareignunum skipt upp og bærinn Ás eignaðist þá landskikann. Þegar ekki var lengur þörf fyrir fjárböðin skapaðist tækifæri til að breyta hlutverki Hrunalaugar, sem fékk síðan á sig annarskonar mynd, að verða að baðlaug sveitunga nær og fjær. Flestir sem eiga ættir að rekja til Hrunamannahrepps hafa heyrt af Hrunalaug og margir eiga góðar minningar frá hlýjum sumarnóttum þegar farið var í laugina í góðum félagsskap.

Hrunalaug sem ferðamannastaður

Flest viljum við upplifa fleira en það sem er næst okkur, sumir eru heimakærir og una sér best á heimaslópum, en mörg okkar fara út fyrir landsteinana í ævintýraleit. Það sama á við um fólk erlendis, en ferðamannaiðnaður á Íslandi hefur vaxið gríðarlega á undanförunum áratug. Ísland hefur verið markaðssett sem náttúruperla þar sem finna má ósnortna náttúru, heita hverir

og kalda jökla. Um leið og erlendir ferðamenn koma til Íslands eru landakortin opnuð og sumir jafnvel staðráðnir í að heimsækja fyrirfram ákveðna áfangastaði. Draumur sem verður að veruleika eða áskorun við sjálfan sig. Við Íslendingar erum mjög stolt af náttúrunni okkar en við gerum okkur alltaf betur og betur grein fyrir því að um leið og ferðamannastraumurinn eykst hefur það í för með sér aukinn ágang á ákveðnum stöðum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Ásókn að stærstu ferðamannastöðunum, Þingvöllum, Gullfoss og Geysi er í núverandi ástandi að ná



Mynd 2. Svona lítur slóðinn upp að lauginni út í dag.

þolmörkum sem veldur því að ferðaskrifstofur og ferðamenn á eigin vegum leita á önnur mið.

Eins og áður hefur verið nefnt hefur ásókn í Hrunalaug stóraukist á undanförunum árum. Landeigendur hafa jafnframt talað um að slæm umgengni og átroðningur séu farin að valda spjöllum á umhverfinu. Úr viðtali við Eirík Steindórsson núverandi ábúanda á Ási í Hrunamannahreppi og Helenu Eiríksdóttur dóttur hans, á Stöð 2 í sumar segir Helena:

Auðvitað viljum við að fólk njóti náttúrunnar og við erum ofboðslega stolt af þessum stað. Þetta er bara alltof mikið því við komust ekki einu sinni sjálf að hérna. Við erum svona að velta fyrir okkur hvað er best að gera, hvort við förum í uppbyggingu eða lokum svæðið einfaldlega af.²

Eiríkur minnst jafnframt á að hann hafi orðið var við að skemmdir hafi verið unnar á gömlum hleðslum sem fengið hafa að standa óhreyfðar fram til þessa. „Það þótti mér verst. Þeir voru að reyna að gera einhverja stíflu úr þessu,“² segir Eiríkur um umgengina í gömlu lauginni. Tillitsleysi og yfiringangur á ekki við á þessum stað.

² Þórhildur Þorkelsdóttir, „Landeigendur við Hrunalaug ráðþrota“, <http://www.visir.is/landeigendur-vid-hrunalaug-radthrota-/article/2014140739874>, 2014, (sótt 9.11.2014).

Umhverfis laugina.

Í nóvember fór ég í vettvangsferð að Hrunalaug í þeirri von að svæðið væri ekki búið að breytast um of til verri vegar. Til að komast að Hrunalaug er beygt útaf veginum við Hruna, við veginn framhjá Hrunalaug er búið að leggja lítið bílaplan en það var gert til þess að gestir lokuðu ekki umferð að sveitabænum Sólheimum og til þess að minnka bílaumferð að sjálfri lauginni.



Mynd 3. Bláa örin bendir á eldri, hlöðnu laugina. Hvíta örin bendir á steypa fjárbaðið

Fólk hefur verið beðið um að aka ekki alla leið að lauginni heldur leggja í bílastæðið. Gönguleiðin upp að lauginni er farin að láta á sjá eins og sést á mynd 2 og með áframhaldandi ferðastrámi tel ég að það þurfi að gera göngustíga. Við bílaplanið er búið að stilla upp merki sem segir að ekki sé leyfilegt að tjalda á staðnum en það hefur tíðkast að ferðamenn hafi gert það. Þrátt fyrir skiltið er enn algengt að ferðalangar skjóti upp tjaldi á svæðinu til næturgistingar. Engin almenningssalerni eru á svæðinu svo það er ekki við hæfi að fólk geri sér þar gististað.

Á mynd 3. má sjá gömlu þvottalaugina í baksýn og yngri steypa laugin er frammar á myndinni. Sú laug var notuð til að baða sauðféð en í dag er hún eingöngu notuð af fólki til að baða sig. Þó staðurinn liggi nálægt vegi er hann samt sem áður nægilega afvikinn svo þar má slaka á og ná hugarró með sjálfum sér. Á mynd 4 má sjá að kofinn sem byggður var sem skjól er illa farinn og bárujárnið er farið að losna af samhliða því að spýturnar sem halda þakinu eru að fúna. Hér sést að viðhald er orðið mjög nauðsynlegt og tímabært ef staðurinn á að halda aðdráttarafli sínu, það getur skapast hætta af ef fólk dytti í hug að klifra upp þakið sem auðvitað á ekki að gera.



Mynd 4. Þörf fyrir viðhald er aðkallandi.

Á mynd 5 sést bakkinn á gömlu lauginni, þar hafa verði unnar skemmdir af yfirlögðu ráði. Þremur steinum úr hleðslunni hefur verið kastað upp á bakkann. Einnig má nefna að bakkinn var ferhyrndari og hlaðinn, en nú hefur brotnað úr honum sökum ágangs og skemmdarverka. Á mynd nr. 6 má sjá gömlu lagina eins og hún var fyrir nokkrum árum, en á mynd nr. 7 sem tekin var í nóvember má sjá að endi laugarinnar hefur orðið



Mynd 5. Miklar skemmdir hafa verið unnar á bakka laugarinnar

fyrir skemmdum og gróður er orðinn niðurtroðinn. Náttúran okkar er stórfengleg en aftur á móti er ákaflega mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir takmörkum landsins svo að við völdum ekki óafturkræfum skemmdum með óvarkárni eða spillingu. Þarna kemur fram gott dæmi um að staldra við og búa okkur undir að hægt væri að huga að viðhaldi á svæðinu svo



Mynd 7. Laugin eins og hún var í minningunni



Mynd 6. Ástand laugarinnar í nóvember 2014

ekki þurfi að takmarka ferðamannafjöldann um landsvæðin. Laugin hefur aðdráttarafl sem leiðir til þess að menn vilja koma aftur, en þessu aðdráttarafli er auðvelt að glata, sem og umburðarlyndi landeigenda, ef gestir ganga um af tillitsleysi. Þarna gegna samskipti mikilvægu hlutverki.

Samskipti við landeigendur skipta höfuðmáli

Svipaða sögu má segja af Löngufjöru en Laufey Bjarnadóttir bóndi á Stakkhamri í Miklholtshreppi á Snæfellsnesi segir að almennt hafi ferðamenn góð samskipti við landeigendur en það komi upp tilfelli að ekki sé látið vita af ferðum um landið. Langafjara er vinsæl reiðleið og mikil aðsókn er þangað, sérstaklega yfir sumartímenn. Laufey varð eitt skipti vör við reiðhóp sem tók einhverra hluta vegna 26 nautgripi sem voru ekki í þeirra eigu inn í reksturinn. Þessi tiltekni hópur í kúrekaleik hafði ekki haft nein samskipti við Laufeyju. Þegar hún sá að nautgripirnir urðu viðskila við reiðhópinn út á fjöru við Stakkhamarsnes. Sást að nautgripirnir voru komnir hættulega stöðu í fjörunni svo Laufey varð ásamt föruneysi sínu að koma til bjargar, annars hefði þetta getað orðið mikið tjón fyrir kúabúið. Laufey segir í greininni:

„Í þessu tiltekna atviki var um að ræða skipulagðan ferðahóp í atvinnuskyni. Maður skildi ætla að slíkir ferðahópar sýndu vandaðri vinnubrögð og hefðu samband við landeigendur eins og segir í 22. gr. laga um náttúruvernd skipulagðar hópferðir. Þegar skipulagðar hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal hafa samráð við eiganda lands eða rétthafa um umferð manna og dvöl á landi hans.“³

Hér þarf að taka fram að landeigendur bera engan hagnað af heimsóknum eins og þessum þótt þeir gefi leyfi fyrir notkun jarða sinna. Hér er um að ræða sama hugarfar og við Hrunalaug, ferðamenn eru velkomnir, svo framalega sem að þeir virði náttúruna og gangi vel um staðinn og umherfi hans.

Landeigendur eru í erfiðri stöðu gagnvart ferðaþjónustufyrirtækjum sem auðvitað skipuleggja ferðirnar með það í huga að þær skili sem mestum hagnaði. Þessi fyrirtæki eru yfirleitt ekki tilbúin að gefa af þeim hagnaði til landeigendanna og því notast þau við þessi vinnubrögð. Þó svo að lokun þessara svæða sem sannarlega eru í einkaeign geti verið nauðsynleg til verndunar, þá er oft á tíðum erfitt að girða staðina af eða loka þeim á annan hátt, þar sem í lögum stendur að mönnum sé heimilt að ganga um óræktað land⁴.

Að ná tökum á vandamálinu

Laugin hefur verið opin öllum þ.e.a.s. hreppamönnum, bústaðagestum og ferðamönnum. Eiríkur á Ási fer nánast daglega að lauginni og hreinsar staðinn endurgjaldslaust. Þetta vekur

³ Laufey Bjarnadóttir, „Ábending til ferðamanna um Löngufjöru“, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284628&pageId=4136355&lang=is&q=Skipulag%F0ar%20h%F3pfer%F0ir%20skipulag%F0ar%20h%F3pfer%F0ir, 2006, (sótt 09.11.2014).

⁴ Fanný Gunnarsdóttir, „Er landið tilbúið að taka á móti ferðamanni nr. 1.000.000?“, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=359631&pageId=5783225&lang=is&q=N%E1tt%FARupassi, 2013, (sótt 09.11.2014).

upp ákveðnar spurningar vegna þess að huga þarf að undirstöðuatriðum eins og umhirðu á svæðinu, er hægt að ætlast til að ábúandi sinni viðhaldi á fjölförnum viðkomustað án endurgjalds á meðan ferðaskrifstofur geta selt ferðir á sama stað? Búið er að setja bauk við laugina og setja upp skilti sem bannar að tjalda. Það er síðan val fólks að leggja sitt að mörkum. Umhverfisráðuneytið hefur kynnt hugmyndir um náttúrupassa en þar eru margir góðir kostir hvað varðar vandamálið sem steðjar að Hrunalaug.

Skipulag er eitt áhrifaríkasta stjórnæki til þess að samræma ólíkar kröfur um auðlindanýtingu, atvinnuþróun og umhverfisvernd. Skipulag er ákveðið ferli við áætlanagerð sem tryggir aðkomu sem flestra sem eiga hagsmuna að gæta við ákvarðanatöku. Þrjár tegundir skipulagsáætlana eru: deiliskipulag, aðalskipulag og svæðisskipulag. Í deiluskipulagi er gerð grein fyrir landnotkun á einstökum reitum innan sveitafélaga, aðalskipulag tekur til sveitafélags í heild en svæðisskipulag nær yfir stærra svæði og er því samvinnuverkefni nokkurra sveitafélaga.⁵

Alþingi hefur samþykkt ný lög um náttúruvernd, nr. 60/2013 sem taka gildi þann 1. apríl 2014. Þar er í 1. mgr. 18. gr. hliðstætt ákvæði um umferð gangandi manna: Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða réttshafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sledum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land⁶. Ferðaþjónustan hefur verið að taka að sér ferðir og auglýst laugina. Er verið að brjóta gegn landeigandanum því hann fær ekki krónu þó svo þetta sé á hans landi. Í flestum tilfellum eru landeigendur alls ekki andsnúnir því að ferðamenn gangi um land þeirra, að því gefnu að þeir gangi vel um og valdi ekki raski. Leiðsögumenn þurfa ekki bara að þekkja plöntu- og dýraríkið, sögu staðarins og helstu örnefni. Þeir þurfa líka að geta beitt skynsemi og metið hvort svæði yfirleitt þoli heimsóknir stórra hópa. Þeirra hlutverk er að vera varkárari og að meta stöðuna sérstaklega ef um fullar ferðamannarútur er að ræða. Á tímum vaxandi ferðamennsku er þörf fyrir frekari skilgreiningu aðkomu sveitarfélaga og ríkis hvað varðar skipulag og vernd ferðamannastaða

Í krafti skipulagsvaldsins er þáttur sveitafélaga í ferðaþjónustu afar umfangsmikill en þar sem sveitafélög eru mjög misjöfn að stærð og íbúafjölda er aðkoma þeirra nokkuð ólík. Þjónusta sveitafélags við íbúa sína er í raun mikilvæg forsenda fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu því að á sveitarfélögum hvíla ýmis lögbundin verkefni sem tengjast ferðamálum beint. Þar má nefna, auk skipulagsmála, umhverfismál og hreinlætismál.⁷

⁵ Umhverfisráðuneytið, „Velferð til framtíðar: sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“, 2002, bls. 13.

⁶ Fanný Gunnarsdóttir, „Er landið tilbúið að taka á móti ferðamanni nr. 1.000.000?“, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=359631&pageId=5783225&lang=is&q=N%E1tt%FArupassi, 2013, (sótt 09.11.2014).

⁷ Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, „Ferðamál á Íslandi: heildstætt grundvallavit um ferðamál“, Reykjavík, 2013. Bls. 56.

Möguleikar til að fjármagna og verja smáa ferðamannastaði

Náttúrupassinn er ein þeirra hugmynda sem viðraðar hafa verið undanfarið sem fjáröflunarleið fyrir viðhald ferðamannastaða. Í Skoðun, pistli í Fréttablaðinu Miðvikudaginn 16. Janúar 2013 skrifaði Fanný Gunnarsdóttir sem var í 4. Sæti Framsóknarflokksins í Reykjavíkurborg norður:

[...] Það er áhugavert að sjá hvernig þeir sem reka ferðaþjónsútu hafa lagt sig fram um að mæta ólíkum þörfum gestanna sem hingað koma. En það þarf að skipuleggja þennan atvinnuveg enn betur þannig að við göngum ekki á náttúru Íslands – lágmörkum áhrif ferðamenskunnar en hámmörkum arðinn af atvinnugreininni. [...]. Ímyndarsköpun, markaðssetning og þróun atvinnugreinarinnar á að byggja á góðum rannsóknum⁸.

Síðan heldur Fanný áfram. „Náttúrupassi er góð hugmynd. Þar getur komið fram að viðkomandi hefði lagt sitt að mörkum við að varðveita íslenska náttúru og viðhalda fjölförnum ferðamannastöðum. Ég held að langflestir greiddu hóflegt gjald með glöðu geði.“⁹

Ef ferðaskrifstofur og sveitafélög tækju höndum saman og létu reyna á náttúrupassa eru nokkur atriði sem þarf að skilgreina. Ef haldið verður áfram með passann þarf að ákvarða hvernig hinir ýmsu staðir sækja um fé sem aflast í gegn um náttúrupassann. Sveitarfélög og landeigendur þurfa að hafa samráð um ráðstöfun fjárens og forgangsroðun uppbyggingar.¹⁰

Landeigendur sem ekki tækju þátt í náttúrupassa væru jafnframt ekki með svæðið merkt inn á kort fyrirtækja og gætu þannig sloppið við átroðning ferðamanna eða náð að takmarka aðsóknina með öðrum leiðum sem fyrir suma myndi vera ákveðinn kostur. Hinn kosturinn við náttúrupassann er það val að landeigandi gæti átt í hlut í passanum sem myndi opna fyrir aukna aðsókn að svæðum eins og t.d. Hrunalaug, og þá ætti aukið viðhaldsfé að leysa töluverð vandamál. Hjá ferðamálastofu er hægt að sjá nákvæmar útskýringar um mögulega útfærslu á náttúrupassa s.s. gjaldtökuleiðir sem greinist í tvo hugmyndaflökka, A og B.

Náttúrupassi – hugmynd A

Fyrri útgáfan að náttúrupassanum sem ferðamálaráð setur fram felur í sér að fólki sé gefið val umhvort það taki þátt eða ekki. Þessi aðferð myndi krefjast talsverðar markaðssetningar, þar

⁸⁻⁹ Fanný Gunnarsdóttir, „Er landið tilbúið að taka á móti ferðamanni nr. 1.000.000?“, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=359631&pageId=5783225&lang=is&q=N%E1tt%FArupassi, 2013, (sótt 09.11.2014).

¹⁰ Árni Geirsson og Kristín Rós Jóhannesdóttir, „Fjármögnun uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða“, http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/fjarmognun_ferdamannastada.pdf, 2013, bls 24, (sótt 09.11.2014).

sem sannfæra þyrfti fólk að náttúrupassinn gerði gagn, enda er oft á tíðum erfitt að fá umtalsverðar tekjur með valkvæðum leiðum. Þessi aðferð hefur samt ákveðna kosti, í fyrsta lagi væri eftirlitskostnaður lítill, það er, að fyrst passinn væri valkvæður „styrkur“ væri engin sérstök þörf fyrir að fylgst væri með ferðamannastöðum. Einnig þyrfti ekki að skilgreina nákvæmlega hvaða svæði myndu falla undir passann. Annar kostur er að með þessari aðferð væri ekki verið að skylda Íslendinga til að taka þátt í passanum, enda eru skoðanir manna á takmörkun ferðafrelsis innanlands mjög skiptar. Stærsti gallinn við leið A að mínu mati er hvernig á að útfæra úthlutun fjár úr sjóðnum, það er, hvernig á að sjá til þess að lítil svæði eins og Hrunalaug fái úthlutað fé sem dugi til viðhalds, ekki bara þegar kemur að risastórum svæðum eins og Þingvöllum, heldur einnig minni, sambærilegum svæðum.

Til þess að leið A gangi upp þurfa ferðaþjónustufyrirtæki að taka þátt í markaðssetningu passans, að passinn sé til sölu víða og að jákvæð ímynd sé sköpuð í kring um passann. Að mínu mati er þessi leið, að beinlínis biðja fólk um að borga, þó það þurfi þess ekki, hálfpartinn barnaleg. Hugmyndir til að auka sölu, eins og happadrætti virkar hreinlega eins og sníkjur, og stöðugur þrýstingur um að kaupa passann gæti jafnvel fælt frá. Kostnaður við markaðssetningu myndi einnig draga úr tekjum sem fást í gegn um sölu passans ¹¹.

Náttúrupassi - hugmynd B

Náttúrupassi B væri hinsvegar eingöngu ætlaður þjóðgörðum og öðrum vel skilgreindum svæðum. Þessi passi myndi virka eins og aðgangsmiði, og til að komast inn á ákveðin svæði þyrftu ferðamenn að kaupa passann. Auk þess þyrftu að vera eftirlitsaðilar til að sjá til þess að fólk væri búið að kaupa aðgang. Þessi nálgun er að nokkru leyti flóknari en leið A, ferðafrelsi er skýrt tekið fram í lögum og til að þessi leið gangi upp þarf að breyta þessum lögum. Að mínu mati er þessi nálgun að miklu leyti auðveldari í framkvæmd en leið A, en á sama tíma og farið er að breyta lögum um aðgang að þjóðgörðum, þjóðlendum og óræktuðu landi skapast önnur vandamál, þar sem möguleikar einkaaðila ná að takmarka umferð myndu aukast. Sem dæmi gætu þá landeigendur á Ási heinlega ákveðið að bannað væri að koma að Hrunalaug yfir höfuð. Stíga þarf varlega til jarðar áður en þessi leið er farin ¹².

Nú þegar ég er að vinna að þessari ritgerð á sér stað mikil umræða um náttúrupassann eða aðrar leiðir til gjaldtöku, t.d. gistináttgjald, eða gjald á flugferðir/skemmtiferðaskip.

¹¹⁻¹² Árni Geirsson og Kristín Rós Jóhannesdóttir, „Fjármögnun uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða“, http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/fjarmognun_ferdamannastada.pdf, 2013, bls 24, (sótt 09.11.2014).

Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp um náttúrupassa eftir áramót. Nýjustu upplýsingar varðandi náttúrupassann fela í sér ákveðna útfærslu á leið B, passinn muni kosta 1.500 krónur og gilda í 3 ár í senn. Gjald væri tekið af bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum, enda þurfi jafnréttis að gæta¹³. Skoðun mín gagnvart gjaldinu er að mér finnst að fyrir sama gjald eigi náttúrupassi Íslendinga að gilda í fjögur ár í stað þriggja, ég tel að margir ferðamenn sem komið hafa til landsins hafi ferðast meira um landið en maður sjálfur. Íslendingar ferðast miklu oftár út fyrir landsteinana heldur en að ferðast um Ísland.

Friðlýsing

Er kominn tími til að athuga hvort Hrunalaug eigi heima á lista yfir friðlýst svæði? Ég ætla að bera Hrunalaug saman við Hreppslaug í Borgarfirði sem byggð er af Ungmennafélaginu Íslendingi árið 1928-29. Þessi laug er friðlýst síðan í maí 2014¹⁴. Hrunalaug er byggð á 19. öld svo það væri til umhugsunar hvort friðlýsa ætti Hrunalaug. Á síðu umhverfisstofnunar um friðlýsingar á svæðum hljóðar svo.

Friðlýst svæði á Íslandi eru í júlí 2013 113 talsins, en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. Svæði kunna að hafa verið friðlýst vegna náttúrufars, landslags, jarðminja, útivistar eða samblands framangreindra þátta. Margir þættir geta haft neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstra svæða. Þó má segja að áhrif mannglegra umsvifa séu hvað mest en friðlýst svæði eru oft vinsælir áfangastaðir ferðamanna.¹⁵

Þó svo að svæði séu friðlýst þarf það ekki endilega að þýða að staðirnir fái vernd gagnvart ferðamönnum. Í tilfalli Hrunalaugar þyfti friðlýsing ekki að leiða af sér lokun svæðisins. Það á ekki að þurfa að loka svæðinu ef hægt er að bæta aðgengi með göngustígum eða göngupöllum sem vernda gömlu gönguleiðina, Af síðu umhverfisstofnunar má finna umfjöllun um gildi göngustíga á friðlýstum svæðum:

Í skýrslu umhverfisráðuneytisins „Velferð til framtíðar“ kom fram að bregðast þurfi við niðurstöðum rannsókna á þolmörkum ferðamannastaða með aðgerðum til að sporna við skemmdum vegna álags. Einnig er lagt til að leggja og merkja göngustíga á ákveðnum friðlýstum svæðum með það að markmiði að bæta aðgengi almennings að náttúru landsins og búa svæðin jafnframt undir aukið álag af vaxandi ferðamannastraumi¹⁶

¹³ Atvinnuvegaráðuneytið, „Frumvarp til laga um náttúrupassa“, <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Adobe/Frumvarp-natturupassi.pdf>, 2014, (sótt 09.12.2014).

¹⁴ Minjastofnun Íslands, „Friðlýsing Hreppslaugar og Múlakots“, <http://www.minjastofnun.is/umstofnunina/frettir/nr/1194>, 2014, (sótt 04.12.2014).

¹⁵⁻¹⁶ Umhverfisstofnun, „Svæði í hættu“, <http://www.ust.is/default.aspx?pageid=2840c61e-6f0a-468e-bd5d-7a585f33020a>, (sótt 04.12.2014).

Umhverfisstofnun hefur ákeðið ferli til að raða friðlýstum svæðum eftir því hversu mikil hætta á óafturkræfu raski er til staðar. Svæðum er raðað á appelsínugulan og rauðan lista eftir því hversu mikið álagið á svæðin eru. Farið er eftir svokölluðum SVÓT skala. SVÓT stendur fyrir Styrkleikar, Veikleikar, Ógnir og Tækifæri þess svæðis sem meta á. Styrkleikar svæðisins eru metnir út frá meðal annars uppbyggingarmöguleikum, og hvaða gildi friðlýsing hefði fyrir svæðið. Að sama skapi segja veikleikarnir fyrir um þá galla sem friðlýsing myndi fela í sér. Ógnir bera með sér hvaða afleiðingar það gæti til dæmis haft að friðlýsa ekki svæðinu og að lokum segja tækifærin til um sóknarfæri sem eru í boði, hvað hægt er að gera til að byggja upp svæðið eftir friðlýsingu. Eftirfarandi er skilgreining UST á rauða og appelsínugula listanum:

Svæðin flokkast á rauðan lista annars vegar en þar eru þau svæði sem Umhverfisstofnun telur að séu undir miklu álagi sem bregðast þurfi við strax og á appelsínugulan lista hins vegar sem eru þau svæði sem stofnunin telur að séu undir töluverðu álagi sem einnig þurfi að fylgjast vel með og bregðast við á ýmsan hátt ¹⁷.

Áhugavert væri að framkvæma SVÓT rannsókn á Hrunalaug, eins og ég sýndi á myndunum hér á undan er margt við svæðið sem er bæði aðlaðandi og viðkvæmt. Laugin liggur í mýrlendi en mýrar eru viðkvæm vistkerfi sem auðvelt er að skemma með átroðningi. Nokkur dæmi eru til um heitar laugar á Íslandi sem hafa verið friðlýstar, þar má m.a. nefna Seljavallalaug undir Eyjafjöllum og Hreppslaug í Borgarfirði.

Fyrsta steinsteypa sundlaugin í Borgarfirði var hönnuð af Sigurði Björnssyni yfirmiði Hvítárbrúar. Laugin var steypd á árunum 1928-29 sem gerir hana að einni elstu laugum landsins. Þessi laug var eins og áður sagði friðlýst fyrr á þessu ári. Eftirfarandi er lýsing Minjastofnunar á lauginni og friðunargildi hennar.

Að mati Minjastofnunar hefur Hreppslaug gildi frá sjónarhóli byggingarlistar sem óvenjulegt steinsteypumannvirki, hannað af Sigurði Björnssyni yfirmiði Hvítárbrúar. Laugin hefur mikið menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um félags- og íþróttastarf ungmennafélaganna og sem mikilvægur staður í menningar- og félagslífi héraðsins. Mannvirkið situr fallega í landinu og tengist umhverfi sínu á áhrifamikinn hátt. Steyptur hluti laugarinnar er lítið breyttur en seinni tíma viðbætur, handrið, skjólveggir og þjónustuhús eru til lýta í núverandi mynd. Laugin er í notkun en viðgerð og endurbætur eru aðkallandi. Minjastofnun Íslands leggur til friðlýsingu Hreppslaugar á grundvelli

¹⁷ Umhverfisstofnun, „Svæði í hættu“, <http://www.ust.is/default.aspx?pageid=2840c61e-6f0a-468e-bd5d-7a585f33020a>, (sótt 04.12.2014).

staðbundins menningarsögulegs gildis og fágætis, en laugin er eitt af elstu dæmum um upprunalegt steinsteypt mannvirki sem tengist hagnýtingu heits vatns í þágu sund- og baðmenningar.¹⁸

Margt í þessari lýsingu á vel við um Hrunalaug. Fyrir það fyrsta á hún sér langa sögu og eru sumar minjarnar talsvert eldri en eitthundrað ára. Laugin liggur á fallegum stað og er fyrir talsverðu síðan kominn tími og þörf fyrir endurbætur ef laugin á ekki að verða fyrir óafturkræfum skemmdum.

Friðlýsing hefði í för með sér ákveðnar breytingar hvað varðar rétt landeiganda yfir svæðinu. Friðlýst svæði falla undir lög um menningarminjar, nánar tiltekið undir verndun fornleifa. Fyrir það fyrsta er það svo að friðlýstu svæði má „[...]enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta myndi þýða að ábúendur í Ási mættu ekki án leyfis ráðast í endurbætur á skýli eða hleðslum sem má sjá á myndum hér að ofan án leyfis. Sækja þyrfti um leyfi með rökstuðningi þar sem tekið er fram hvað þarf að laga og hversvegna. Að fengnu slíku leyfi yrði minjastofnun landeigendum aftur á móti innan handar hvað varðar ráðleggingar. Ennfremur er lögbundið að Minjastofnun sinni viðhaldi á kostnað ríkisins. Þetta yrði væntanlega gert í gegnum Húsafriðunarsjóð, sem heyrir undir Minjastofnun, þar sem sundlaugar skilgreinast sem byggingar. Þetta myndi þýða að fjármagn til endurbóta á Hrunalaug myndi koma úr ríkissjóði, yrði laugin friðlýst:

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.¹⁹

Í forvitni minni kannaði ég málið um það hvort Minjastofnun Suðurlands hefði einhverjar upplýsingar varðandi laugina. Ég náði tali við starfsmann gegnum tölvupóst, Ugga Ævarsson. Kom þá í ljós að heimildir mínar eru réttar, það er að Eiríkur Jónsson (f. 8. júlí 1836 – d. 23. maí 1898) hafi unnið að gerð gömlu laugarinnar og teljast því vera liðin meira en 100 ár síðan hún var gerð og sé hún því friðuð í krafti aldurs. Þá er miðað við tímabilið 1836-1898 sem gefur auga leið að laugin er byggð þar mitt á milli, enda er þetta sá tími sem Eiríkur Jónsson lifði. Friðun sökum aldurs er ekki það sama og friðlýsing, sem er þinglýst aðgerð²⁰. Hrunalaug á því möguleika á að vera friðlýst allavega að hluta (gamla

¹⁸ Minjastofnun Íslands, „Friðlýsing Hreppslaugar og Múlakots“, <http://www.minjastofnun.is/um-stofnunina/frettir/nr/1194>, (sótt 04.12.2014).

¹⁹ Minjastofnun Íslands, „Viðhald minjastaða“, <http://www.minjastofnun.is/minjar/vidhald-minjastada/>, (sótt 04.12.2014).

²⁰ Uggi Ævarsson, minjavörður Suðurlands, upplýsingar úr tölvupóstssamskiptum (8-9.12.2014)

laugin). En ekkert verður aðhafst fyrr en ábúandi hafi vilja fyrir því. Athyglisvert er í raun að friðlýsing þurfi að eiga sér stað að frumkvæði landeiganda, en ekki Minjastofnunar. Hrunalaug er fornleif, minjastaður, sem þýðir að ekki má raska lauginni sjálfri eða nærumhverfi hennar nema haft sé samráð við Minjastofnun Íslands ef ábúandi vill setja hana á skrá, eins og áður var minnst á.


Hvar standa þá málin með fjárbaðið sem Steindór Eiríksson (f. 24.júní.1884 - d. 5.sept.1967) byggði? Löng bið eftir friðlýsingu gæti haft veruleg áhrif á ef ekkert er aðhafst. Eitt atriði sem mögulega gæti hjálpað er að ef gamla laugin yrði friðlýst væru hugsanlegar líkur á að hún fengi ósjálfrátt vernd gömlu laugarinnar.

Eitt af vandamálunum sem skapast við friðlýsingu að hluta er að fólk veit ekki að gamla laugin er friðlýst og engin merking er til á staðnum um slíkt. Hér á eftir ætla ég að kynna hugmyndir mínar að lausn fyrir svæðið, m.a. með byggingu útsýnispalla með upplýsingaskiltum. Þetta myndi hafa í för með sér ákveðna stjórnun á ferðum fólks um svæðið, og í stað aragrúa skilta væri svæðinu gerð góð skil á fallegan hátt. Jafnframt þyrfti að gæta að því að þótt laugin væri friðlýst, að það væri eftir sem áður hægt að skella sér í smá bað líka. Í samskiptum mínum við Ugga kom fram að ekkert væri því til fyrirstöðu að fólk mætti baða sig í lauginni, jafnvel þó hún væri friðuð. Friðlýsing myndi gefa mönnum meira vald yfir notkun laugarinnar, þar með talið að stjórna hversu margir mættu fara í laugina á sama tíma og á hvaða tímum

Verndun og aðgengi

Væri hægt að gera Hrunalaug einn af þeim stöðum í Hrunamannahreppi sem allir kannast við og vilja heimsækja? Laugin yrði einkennandi staður með áhugaverða sögu og möguleika á skemmtilegri afþreyingu fyrir ferðalanga, enda náttúrulegar vinsæll áfangastaður. Ef þessi leið á að geta gengið upp þarf að gæta þess að búið verði svo um svæðið að það þoli áganginn. Landeigandinn þarf að leita leiða til að geta bæði markaðssett og verndað laugina. Svona verkefni yrði að vinna í samstarfi við Minjastofnun, enda hluti laugarinnar friðaður. Slík nálgun gæti jafnvel orðið til eftirbreytni á landsvísu, þar sem að markaðssetning ferðamannastaða á landinu hingað til hefur frekar miðað að því að laða fólk að, og vinna svo úr vandamálum tengdum fjölda ferðamanna seinna.

Hvernig væri best að framkvæma þetta? Ef við byrjum á aðkomunni að lauginni má sjá að göngustígarnir eru margra ára gamlir og jafnvel ónothæfir á vissum tímum yfir árið. Í raun hefur enginn göngustígur verið lagður, heldur eru þetta einfaldlega gamlar fjárgötur og slóðar sem myndast hafa sökum notkunar í áranna rás. Gönguleiðin upp að lauginni er hólótt



Mynd 8. Skýringarmynd sem sýnir í grófum dráttum göngu- og útsýnispallinn við Hrunalaug

og mosapakin en mosinn hefur verið mikið traðkaður niður (sjá mynd 2). Eins og ég minntist á áður er laugin staðsett í mýrlendi sem er mjög viðkvæmt fyrir átroðningi, sérstaklega þegar bleyta er mikil. Göngubrú eða upphækkaður stígur að lauginni frá bílastæðinu væri ein hugmyndin til þess að vernda jarðveginn (sjá mynd 8). Göngubrú, eða upp-hækkaður stígur myndi jafnframt bæta aðgengi hreyfihamlaðra. Að hafa gangbrautina upphækkaða hefði annan kost, það er að ef ákvörðun yrði tekin um það í framtíðinni að fjarlægja hana yrði jarðrask minna en ef gangbraut væri lögð

ofan í mýrina. Við enda brúarinnar stæði upphækkaður pallur sem gæfi fallega yfirsýn yfir laugarsvæðið. Bygging svona palls væri jafnframt ein leið til að auka stjórn á því hvar gengið er, þar sem ekki er eins auðvelt að „stelast“ út fyrir brautina ef hún er upphækkuð. Leiðsögumenn sem koma með stóra hópa yrðu að taka á sig ábyrgð að ekki sé farið út fyrir brautina. Hvernig mætti fjármagna smíði á svona palli? Ef til vill mætti sækja um styrk frá Minjastofnun út frá verndunarsjónamiðum. Önnur leið væri á nálgast fjármagn í gegn um Náttúrupassann. Eins og stendur er framkvæmd náttúrupassans stöðugt að breytast, svo þessi nálgun er enn óljós. Í náttúrupassaleið A myndi hægt og bítandi safnast upp fjármagn sem viðhélldi brúnni. Ef notast ætti við leið B, þyrfti að skilgreina Hrunalaug sem eitt af þeim svæðum sem náttúrupassinn næði yfir. Eins og Helena sagði í fréttum Stöðvar 2 að auðvitað vilji þau að sem flestir geti notið þess eftir sem áður að fara í laugina. Eftir þetta viðtal við Helenu, fékk ég þá hugmynd hvort hægt væri hægt að búa til einhverskonar tímabókun sem haldi saman skipulagi fyrir hópa. Það lifir sterkt í minningunni að þegar ég var barn og kom á hlýjum sumardögum á þennan yndislega stað þekktu flestir eina einfalda óskrifada reglu; ef laugin var upptekin var beðið hinum megin við hólinn. Fólkið sem fyrir var í lauginni kallaði til manns og lét vita hve langan tíma það ætlaði sér að vera ofaní. Það var reyndar ekki oft sem maður fór aftur til baka, en í flestum tilvikum sem það gerðist beið maður hinum megin við hól þarna rétt hjá og lét lítið í sér heyra þangað til maður heyrði fólk skella bílhurðum og

keyra í burtu. Þarna var manni tamið að bera virðingu fyrir öðrum á svo einfaldann hátt. Ennfremur tók fólk tillit til þess að aðrir biðu þess að komast að. Núorðið hafa tímarnir breyst, og sumir aðilar orðnir miklu tillitslausari gagnvart öðrum einstaklingum. Í dag fer ég ekki lengur í Hrunalaug því ég tel að þessi aðferð virki ekki núorðið. Hvernig væri hægt að leysa svona aðgangsvandamál á nútímalegan hátt?

Mig langar að koma með hugmynd um aðgangsstjórnun: Þegar rútuferðir eru annarsvegar myndi laugin vera opin almenningi til dæmis á milli kl. 8:00 – 17:00 alla daga vikunnar. Leiðangursstjórar bæru ábyrgð á að ekki væri gengið illa um svæðið. Eftir 17:00 væri ekki lengur hægt að koma með stóra hópa að lauginni, en á móti kæmi að væri hægt að skipuleggja tímamantanir fyrir þá sem vilja fara ofan í laugina. Þá yrði fjöldi í lauginni að hámarki 10 manns í einu, hún ber einfaldlega ekki meiri fjölda. Mér varð þá hugsað til tímans þegar við systurnar biðum hinu megin við hólinn þangað til laugargestir fóru upp úr og röðin kom að okkur. Hægt væri að hanna huggulegan biðstað á pallinum (hinum megin við hólinn). Þessi hugmynd væri góð lausn til að fólk gæti notið sín í lauginni og komist hjá átroðningi annarra gesta á meðan. Ábyrgðarmaður og eða gæsla á nóttunni getur reynst erfitt í útfærslu yfir sumartímann þegar fólk langar að dýfa sér í laugina og horfa á tunglsljósið eða miðnætursólina. Það er ekki auðvelt viðureignar að finna lausn á þessu, hvort maður eigi að kalla það vandamáli, þegar næturgestir láta sér detta til hugar að njóta lífsins. Útfærsla á gæslu og eftirliti er í raun efni í annað rannsóknarverkefni.

Lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég reynt að lýsa fyrir lesandanum hvaða mikilvægi Hrunalaug hefur fyrir mig. Ég hef líka reynt að sýna fram á það að Hrunalaug sé gott dæmi um fáfarinn stað sem er í sínu núverandi ástandi ekki í stakk búinn til að takast á við þann fjölda gesta sem heimsækja staðinn daglega, sérstaklega yfir sumartímenn, sem er háannatími ferðamannaiðnaðarins á Íslandi. Ég hef rætt hvernig landeigendur eða sveitarfélög geta nálgast þetta viðkvæma efni, hvernig er hægt að ná jafnvægi á milli þess að vilja bæði auka aðsókn, gefa mönnum færi á að heimsækja staði en einnig að það bitni ekki á umhverfinu. Það tíðkaðist að erlendir ferðamenn berðu að dyrum á mínum æskuslóðum og spyrðust til vegar og þá sérstaklega voru það ferðamenn á hjólum eða gangandi. Oftar en ekki var spurt hvar finna mætti Hrunalaug. Útítekin og ánægð vonuðu þau að maður skildi hvað þau væru að spyrjast fyrir um. Í byrjun var ég uppfull stolti að fólk hefði svo mikla ánægju af að ferðast töluvert langa leið til að sjá svo ósnortið landslag, sem gat látið svo marga flykkjast að að maður skildi hvorki upp né niður. Síðan þá hefur margt breyst og ferðamannastraumurinn hefur margfaldast. Nú er þessi spurning: „Can you tell us where Hrunalaug is?“ orðin ægilega þreytt í hugum flestra Hreppamanna. Stundum varð mér litið út um gluggann og hugsandi þeyjandi og hljóðalaust hvernig maður ætti að segja til vegar um leið og ferðamaðurinn hjólaði yfir pípuhliðið. Væntanlega mun ásókn í laugina ekki minnka á komandi árum, en vonandi mun bætt aðgengi og jákæðari ímynd svæðisins ýta á ný undi jákvæð viðhorf bæði gesta og íbúa. Ég vænti þess að á komandi árum muni Hrunalaug verða einn af þeim stöðum sem ferðamenn muni njóta hvað mest að heimsækja, aðgangur verði ókeypis, en jafnframt að menn geti treyst því að fá það næði sem hún bauð fyrr á tíð. Framtíðin er spennandi.

Heimildaskrá:

Bækur

- Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson, „Ferðamál á Íslandi: heildstætt grundvallavit um ferðamál“, Reykjavík, 2013, Bls.11.
- Hálfðan Jónsson, „Árnessýsla: sýsla og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags, 1843-1939“, Sögufélag, Reykjavík, 1979, bls. 123.
- Uggi Ævarsson, minjavörður, 2014, upplýsingar úr tölvupóstssamskiptum, 08-09.12.14.
- Umhverfisráðuneytið, „Velferð til framtíðar: sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“, 2002, bls. 13.
- Þorvaldur Örn Árnasson, „Umhverfismennt: fyrir kennara, foreldra, stjórnendur, fagmenn og áhugafólk um umhverfismál“, Aðstoð sf, 1998, bls. 11.

Heimildir af netinu

- Atvinnuvegaráðuneytið, „Frumvarp til laga um náttúrupassa“, <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Frumvarp-natturupassi.pdf>, 2014, (sótt 9.12.2014).
- Árni Geirsson og Kristín Rós Jóhannesdóttir, „Fjármögnun uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða“, http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/fjarmognun_ferdamannastada.pdf, 2013, (sótt 09.11.2014).
- Fanný Gunnarsdóttir, „Er landið tilbúið að taka á móti ferðamanni nr. 1.000.000?“, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=359631&pageId=5783225&lang=is&q=N%E1tt%F0arupassi, 2013, (sótt 09.11.2014).
- Laufey Bjarnadóttir, „Ábending til ferðamanna um Löngufjörur“, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=284628&pageId=4136355&lang=is&q=Skipulag%F0ar%20h%F3pfer%F0ir%20skipulag%F0ar%20h%F3pfer%F0ir, 2006, (sótt 09.11.2014).
- Minjastofnun Íslands, „Friðlýsing Hreppslaugar og Múlakots“, <http://www.minjastofnun.is/um-stofnunina/frettir/nr/1194>, 2014, (sótt 04.12.2014).
- Minjastofnun Íslands, „Viðhald minjastaða“, <http://www.minjastofnun.is/minjar/vidhald-minjastada/>, (sótt 04.12.2014).
- Umhverfisstofnun, „Svæði í hættu“, <http://www.ust.is/default.aspx?pageid=2840c61e-6f0a-468e-bd5d-7a585f33020a>, (sótt 04.12.2014).
- Þórhildur Þorkelsdóttir, „Landeigendur við Hrunalaug ráðþrota“, <http://www.visir.is/landeigendur-vid-hrunalaug-radthrota-/article/2014140739874>, 2014, (sótt 09.11.2014).

Myndir í ritgerð

Allar myndir úr einkaeigu höfundar, nema mynd 5:

Rolf Birger Hannén,

[http://islandihnotskurn.is/images/img/place/Hrunalaug%20brsm\(4.9.2012%2021-14-23\).jpg](http://islandihnotskurn.is/images/img/place/Hrunalaug%20brsm(4.9.2012%2021-14-23).jpg), (sótt 09.11.2014).
